



Kristján Guðmundsson með straubretti sínu á sýningunni Environmental skúlptúr í Gallerí SÚM 1969.



Sigurður Guðmundsson í performans eða gjörningi á Stedelijk-safninu í Amsterdam 1970.



Collage-mynd eftir Sigurjón Jóhannsson frá sýningu í SÚM, 1965.

Mér hálf brá við að heyra, að til stæði að sýna SÚM á Kjarvalsstöðum; var alveg búin að gleyma að SÚM hafði verið til. Við upprifjun datt mér þá fyrst í hug: Er ekki Nýlistasafnið nógu lítið? Listasafn Íslands fannst mér ekki nógu hentugt: sérfróðir menn segja að það sé eins og sundlaug, 20 cm á dýpt. En eru Kjarvalsstaðir ekki allt of stórir; verður ekki að slaka á gæðakröfum til að fylla þá, sýna allt og þar með búa til þjóðháttafræði- eða sögusýningu?

Engin Stefnuyfirlýsing

Mikilvægi SÚM fólst í því, að það rak sýningarsal; hópurinn stækkaði sem nam þörfum gallerírekstursins og samsvaraði nokkurn veginn mánuðum í árinu; hver meðlimur átti að greiða félagsgjald sem var einn húsaleigumánuður; um þetta var sameinazt. Súmhópurinn var að öðru leyti aldrei nógu samstæður til þess að gefa út listastefnuyfirlýsingu; það var enda ekkert til sem hét súmlist. List súmmara var úr mörgum áttum komin; listamennirnir voru eins og fréttamenn er miðluðu upplýsingum frá útlöndum. Til þess að skilja SÚM verður því að leita út fyrir landsteinana.

Með rekstri gallerísins var sýnt fram á, að slík starfsemi gat þrifizt á Íslandi, ekki alveg þrautalaust að vísu; en það hófst þróun sem í dag má mæla í fjölda gallería í Reykjavík. Gallerí SÚM var á vissan hátt hugmyndin að Gallerí Suðurgötu 7. Nýlistasafnið á rætur sínar að rekja til gallerí SÚM.

Áhrif SÚM á yngri aldurshópa íslenzkra myndlistarmanna eru óumdeilanleg. Fram til ársbyrjunar '83 hafði konseptlist nánast verið ein ríkjandi, eða þangað til „Gullströndin andaði“ og allir ungu konseptlistamennirnir gerðust „villtir“ málarar á einni svipstund. — Áhrif súmmara komu og fram í Myndlista- og handíðaskóla Íslands, en þar tókst að stofna „nýlistadeild;“ Hildur Hákonardóttir var þá skólastýra og Magnús Pálsson, e.k. ísl. útgáfa af Beuys, var alltaf með nemendaskara í eftirdragi. Margt af unga fólkinu hélt til framhaldsnáms í Hollandi vegna þess hve gott orð fór af frama Guðmundssona og Hreins þar, en þá var nú Vestur-Þýzkaland óvart orðið þungamiðja í myndlistinni. Listfræðinemum hætti líka til þess að fara fram hjá meintri þungamiðju; í Frakklandi voru t.d. gerðar tilraunir til að skrifa doktorsritgerðir um SÚM — ekki gekk það dæmi upp.

Ekki veit greinarhöfundur hvaða sjónarmið liggja til grundvallar Kjarvalsstaðasýningunni, hvort hún byggist á gömlum verkum eða nýjum endurgerðum. Vonandi verður þó haft erindi sem erfiði, því eins og Nansen heimskautafari sagði: „Það er til lítils að hlaupa ef stefnt er í skakka átt.“

Á sínum tíma var SÚM að berjast gegn afturhaldi og tregðu. Hvort nú hefur verið sigrazt á afturhaldinu og tregðunni, skal hér ósagt látið. Óhætt er þó að segja, að SÚM ruddi a.m.k. braut á Íslandi og víkkaði sjóndeildarhring meðan það var og hét.

Höfundur býr í München.

CARL MICHAEL BELLMAN

Gamli Nói

Helgi Hálfdanarson
þýddi

Gamli Nói, gamli Nói,
glúrinn heillakall,
út um mýri og móa
mikið lét hann gróa
fagran vínvið, fagran vínvið;
feikna var hann snjall.

Nói hafði, Nói hafði
numið kostaland
og að sumbli sætur
sat hann daga og nætur
hvar hann hafði, hvar hann hafði
heppinn siglt í strand.

Líkt og skepna, líkt og skepna
lifir maður hver;
mjög að minnsta kosti
margan kvelur þorsti;
þá á víni, þá á víni
þjóðir gæða sér.

Nói átti, Nói átti
notalega frú;
vel af hollum vínum
veitti'hún karli sínum;
mér að skapi, mér að skapi
mundi kona sú.

Aldrei sagði'hún, aldrei sagði'hún
„Ekki drekka meir!
Nokkrum nægði minna.“
Nei, sú blessuð kvinna
fljótt á barma, fljótt á barma
fyllti krús úr leir.

Stoltur Nói, stoltur Nói
strauk um hár og skegg
þegar hann stóða á þambi;
þá var karlinn skrambi
kempulegur, kempulegur;
krús hann tæmdi í dregg.

Þá var gaman, þá var gaman,
þá var lifað hátt;
þar var enginn þunnur,
því að enginn munnur
lengur vildi, lengur vildi
lepja vatnið blátt.

Indæl víman, indæl víman
upp í kollinn steig;
að sötra seint og skála,
sízt kom það til mála;
sérhver drykkur, sérhver drykkur
sopinn var í teyg.

Carl Michael Bellman (1740—1795) mun af flestum talinn eitt af meiri háttar ljóðskáldum Svía. Kunnastur er hann af drykkjukvæðum sínum, þar sem hann lofsyngur flest það sem ýmsir kalla léttúð og ábyrgðarleysi líðandi stundar, þó að sumt af kveðskap hans beri svip af angri og dauðageig. Af þessum skáldskap hefur margur ályktað, að Bellman hafi verið hvumleiður drykkjurútur. En því fór víðs fjarri; hann var hófsamur gleðimaður, aufúsugestur á ölkrám og í sinn hóp, þar sem hann var hrókur alls fagnaðar. Höfdrykkjan var honum svo sem nógu dýrkeypt, því af hennar völdum varð honum fátt við hendur fast, hann var í sífelldum fjárkröggum, lenti meira að segja um skeið í skuldafangelsi og varð heilsulaus fyrir aldur fram. Kannski hefur Bellman sannað það flestum fremur, að þrúgna gullin tár fara betur í orði en á borði, og reynast hollari í ljóði en í blóði.

(Þýð.)